

Því dæmist rjett vera:

Kærðu Arnbjörn Ólafsson, Þorkell Þorkelsson, Sigurfinnur Sigurdsson, Bjarni Jónsson og Guðmundur Árnason eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur af málinu, bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, leiddandi kostnaður greiddist úr landsjóði, þar með talin málflyttingslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 20. desembermánaðar.

Nr. 31/1897:

Valdimar Ásmundarson  
gegn  
Þorvaldi Björnssyni.

Dómur:

Mál þetta er upprunalega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af lögregluþjóni Þorvaldi Björnssyni gegn ritstjóra blaðsins »Fjallkonan«, Valdimar Ásmundarsyni, út af ummælum í nefndu blaði, er Þorvaldur Björnsson taldi meiddandi fyrir sig. Var það dæmt á bæjarþinginu 29. dag aprilmán. þ. á. með þeim úrslitum, að Valdimar Ásmundarsyni var gjört að greiða 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara sæta einföldu fangelsi í 15 daga; hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og

marklaus og Valdimar Ásmundarson dæmdur í 30 kr. málskostnað.

Þessum dómi hefur Valdimar ritstjóri Ásmundarson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu, dags. 29. júlí næstl., og krafizt, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum og kærur Þorvaldar Björnssonar, og að stefndi verði dæmdur til að greiða í málskostnað fyrir báðum rjettum 120 kr. eða eitthvað nægilegt. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að undirdómurinn verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður eptir rjettarins mati.

Ummæli þau, er hinn stefndi hefur talið meidandi fyrir sig, eru í grein einni í »Fjallkonunni« XIII, 47, með fyrirsögninni »Ísafold og Þorvaldur lögregluþj.«, og koma hjer til álita eigi önnur ummæli en þau, sem undirdómarinn hefur talið varða við lög, með því að málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað, en ummælin eru þessi: »Þorvaldur lögregluþjónn er svo hundfylgispakur við Ísafoldar-Björn, að hann skilur ekki við hann heldur en skottíð við refinn«, og »þeim sem kunnugir eru lífsferli Þorv. lögregluþj. — og allri hegðun hans, frá því er hann fyrst kom til Reykjavíkur, má blöskra, að slíkur maður skuli vera skipaður til að gæta reglu og velsæmis í höfuðstaðnum, og er ekki ólíklegt, að síðferðistilfinning bæjarbúa sje eitthvað geggjúð, þar sem þeir hafa í mörg ár getað notazt við þetta lög-reglutól«. Áfrýjandi, sem ber ábyrgð á ummælum þessum, þykist hafa með vitnaleiðslu í málinu

sannað það, að hann hafi ekkert oftalað eða rangt talað um stefnda, svo að það varði við lög, en í þessu efni verður yfirdómurinn að fallast á álit undirdómarans, og samþykkja þá skoðun hans, að í hinum tilfærðu klausum felist sagnæm meiðyrði um stefnda. Það er móðgandi og óvirdandi, svo að við lög varðar, að segja, að stefndi sje svo hundfylgispakur við annan mann, að hann skilji eigi fremur við hann en skottið við refinn, og sömuleiðis er öll hin síðari klausan mjög móðgandi og óvirdandi fyrir stefnda, sem hefur opinbera þjónustu á hendi í Reykjavík. Að vísu hefur áfrýjandi fengið vitnisburði margra manna fyrir rjetti um framkomu hins stefnda sem lögregluþjóns hjer í bæ, en þótt eitt og annað hafi komið fram í þessari vitnaleiðslu, er sýni, að stefndi hafi einstöku sinnum farið ógætilega með vald sitt, og enda ótilhlýðilega, svo að hann hafi átt skilið ávitur fyrir það, þá er þó eigi með vitnaleiðslunni fengin sönnun fyrir því, að hann eigi skilið hin þungu ummæli, sem hin átalda grein inniheldur. Þótt eigi verði álitid, að dróttad sje að stefnda með hinum átöldu ummælum verknaði, er geti gjört hann ómaklegan virðingar samborgara sinna, þá eru þau svo meiðandi og móðgandi fyrir hann, að áfrýjandi getur eigi komizt hjá að sæta sektum fyrir þau samkvæmt 219. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, og þykir sektin hæfilega ákveðin 20 kr., og komi í hennar stað 6 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi öll er greidd innan ákveðins tíma. Um málskostnað fyrir undirrjetti

skal bæjarþingsdómurinn vera óraskaður, og skal því staðfesta dóminn með áminnztri breytingu á refsingarákvaðinu. Eftir atvikum málsins verður áfrýjandi einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 12 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður, þó svo að sektin sje 20 kr. og vararefsingin 6 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandi Valdimar Ásmundarson greiði stefnda Þorvaldi Björnsyni 12 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna trá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 32/1897:

Jón Brynjólfsson  
 gegn  
 Sveini Ólafssyni.

Dómur:

Aðilar máls þessa eru báðir ábúendur á jörðinni Höfðabrekku í Mýrdal, og býr áfrýjandinn á vestari hluta jarðarinnar, en stefndi á hinum eystri. Höfðaði áfrýjandi mál þetta í hjeradi út af því, að stefndi ljet verkafólk sitt 24. júlí f. á. hirða nokkuð af þurru heyi, er áfrýjandi hafði látið slá, af túnskák nokkurri, er áfrýjandi taldi tilheyra sínum túnhelmingi, og aþtur daginn eptir, 25. júlí, ljet stefndi taka enn nokkuð af þurru heyi á sama stað frá áfrýjanda og slá þar auk